

Sb.

289. Fyrirspurnir.

[135. mál]

I. Til fjármálaráðherra um skiptingu á greiðslu stóreignaskattsins.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Hvernig skiptist greiðsla á stóreignaskatti milli: einstaklinga, hlutafélaga og samvinnufélaga?

II. Til fjármálaráðherra um endurgreiðslu á innflutningstolli af sænskum timburhúsum.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Hefur ríkissjóður endurgreitt innflutningstoll af sænsku timburhúsunum, sem flutt voru inn 1946?
2. Hefur ríkissjóður endurgreitt innflutningstoll af sænskum timburhúsum, sem flutt hafa verið inn á öðrum árum en 1946?
3. Ef svo er, eftir hvaða heimild er þetta gert?
4. Hvað nemur endurgreiðslan mikilli upphæð:
 - a) af húsum innfluttum 1946,
 - b) af húsum innfluttum á öðrum tíma?
5. Hvaða aðilar hafa fengið endurgreiðslu og hve mikla upphæð hver?